

## **STEFNA SVEITARSTJÓRNAR LANGANESBYGGÐAR UM UPPBYGGINGU VIÐ FINNAFJÖRÐ**

Framtíðarsýn &  
aðgerðir



# 1. Inngangur


## 1.1. Almennt

Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur ásamt verkfræðistofunni Eflu hf. og þýska hafnarfyrirtækinu Bremenports GmbH & Co. KG eru eigendur að Þróunarfélagi Finnfjarðarhafnar ehf. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í nokkur ár og í því sambandi verið m.a. unnið þétt með stjórnvöldum. Fundað hefur verið reglulega með fulltrúum ráðuneyta og hefur Orkumálastjóri setið fundina f.h. yfirvalda orkumála.

Finnfjarðarverkefnið (e. *Finnafjord Port Project*, eða *FFPP*) er í senn þróun iðnaðar- og þjónustusvæðis í baklandi hafnar og þróun starfsemi þar sem hafnaraðstaða þarf að vera fyrir hendi. Í tengslum við þetta verkefni, sem þekur alls um 1.300 ha lands og um 6 km langt strandsvæði hafa ýmsar sérfræðiathuganir farið fram. Meðal annars hefur félagið rekið tvær veðurstöðvar og mjög vandaðar lífríkisathuganir hafa farið fram. Í eitt ár var reglulega fylgst með fari fugla á svæðinu og langt út fyrir það og inn á hluta þeirra svæðis sem hér um ræðir. Niðurstöður þessara athugana gefa tilefni til að ætla að vindorkuver á svæðum næst Finnfirði muni ekki hafa teljandi áhrif á lífríki.

Í ýmsum markaðslegum greiningum fyrir Finnfjörð hefur m.a. komið fram að mikilvægt sé að flutningaskip geti tekið rafeldsneyti, s.s. grænt ammóníak, grænt metanól eða jafnvel vetnisgas eða fljótandi vetni sem eldsneyti á hafnarsvæðinu. Ammóníak er sá vetnisberi sem er með þéttustu sameind vetnis (NH<sub>3</sub>) og telur Alþjóða Siglingamálastofnunin (IMO) að grænt ammóníak komi sterkt inn sem eldsneyti fyrir skip eftir 2030. Það sama á við um grænt metanól en til framleiðslu þess þarf vetni og koltvíoxíð. Það kæmi þá í fljótandi formi með tankskipum til landsins. Í tilfelli græns ammóníaks þarf vetni sem kæmi úr rafgreiningarferli á vatni og köfnunarefni sem unnið er úr andrúmslofti. Við rafgreiningu vatns fellur til varmaorka sem nýst getur í landeldi og mikið magn af súrefni af háum gæðum, sem færi einnig í fiskeldi á landi. Það er ein megin ástæðan fyrir því að þörf verður fyrir raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í Finnfirði. Vindorkan kemur hér sterk inn og má jafnvel ætla að töluverður hluti raforkunnar sem notuð verður í rafgreiningu vatns í Finnfirði, muni ekki berast eftir sameiginlegu flutningskerfi raforku á Íslandi, heldur geti verið um sjálfstætt kerfi að ræða. Það er m.a. vegna þess að rafgreinar geta framleitt vetni, án þess að vera með fulla vinnslugetu.

Þannig má horfa til þess möguleika að frá Finnfirði verði íslensk raforka í framtíðinni flutt út í formi efnaorku og nýtt á íslenskan kaupskipa- og togarafloata eða jafnvel flugvélar. Þessi áform eru í takt við áform Þróunarfélags Finnfjarðar að þróa svæðið sem miðstöð fyrirtækja sem sinna nýrri og vaxandi starfsemi sem byggir á hringrásarhagkerfislegri hugsun og sjálfbærni.



Rammaskipulag fyrir Finnfjarðarhöfn (frumdrög).

## 1.2. Gildandi samningar og fyrri samstarfsyfirlýsingar

Í maí 2014 var formlegur samstarfssamningur (e. *Cooperation Agreement*) á milli Bremenports, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps og verkfræðistofunnar EFLU undirritaður í Ráðherrabústaðnum og voru þáverandi forsætisráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra viðstödd undirritunina. Með samstarfssamningi þessara aðila var staðfest ákvörðun þeirra að vinna saman að mati á hagkvæmni alþjóðlegrar umskipunar- og þjónustuhafnar í Finnfirði og ábata fyrir nærliggjandi svæði og sveitarfélög. Samningurinn kvað á um réttindi og skyldur aðila við rannsóknir og mat á lagalegum, tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum þáttum framkvæmda.

Í maí 2016 skrifuðu stjórnvöld og Bremenports, Langanesbyggð, Vopnafjarðarhreppur og verkfræðistofan EFLA undir samstarfsyfirlýsingu (e. *Memorandum of Understanding*) vegna uppbyggingar stórskiphafnar í Finnfirði. Þar var kveðið skýrt á um hlutverk, skyldur og aðgerðir sem þessir aðilar voru ábyrgir fyrir.

Í kjölfar þessarar samstarfsyfirlýsingar voru tvö félög stofnuð um verkefnið; FFPA (*hafnarsamlag*) og FFPD (*þróunarfélag*). Í apríl 2019 skrifuðu félögin undir samning um framkvæmd (e. *Management Agreement*) gagnvart tilteknum verkefnum og þjónustu í tengslum við Finnfjarðarverkefnið.

Í maí 2022 skrifuðu Bremenports, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps og verkfræðistofan EFLA undir nýja samstarfsyfirlýsingu (e. *Memorandum of Understanding*) vegna uppbyggingar í Finnfirði sem byggði á fyrri samstarfssamningi frá 2014. Með

samkomulaginu færðist rétturinn til að kynna og hagnýta verkefnið frá Bremenports til Þróunafélags Finnfjarðarhafnar (FFPD). Í kjölfarið var gerður viðaukasamningur á milli Finnfjarðarhafnar (FFPA), Þróunarfélags Finnfjarðar ehf. (FFPD), Finnfjarðarhafnar slhf. (FF) og bremenports GmbH & Co. KG um framlengingu á einkarétti til kynningar á verkefninu til ársins 2060.

Í febrúar 2024 gerði Innviðaráðuneytið tveggja ára samning við Langanesbyggð vegna innviðamála í Langanesbyggð.

### 1.3. Samhengi við stefnur stjórnvalda

*Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.* Innlend framleiðsla á vistvænu eldsneyti til orkuskipta í sjávarútvegi og sjóflutningum auk annarra greina sem munu reiða sig á rafeldsneyti til orkuskipta styður mjög við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Aðgerðaráætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Líkt og fram kemur í aðgerðaáætluninni var losun frá fiskiskipum alls 18% af losun á beinni ábyrgð Íslands árið 2018.

*Sjálfbær orkuframtíð.* Orkustefna til ársins 2050 var unnin árið 2020 af nefnd sem í áttu m.a. sæti fulltrúar allra þingflokka. Í inngangi hennar kemur fram að með því að setja langtímaorkustefnu sé stefnt að því að gæta hagsmuna núverandi sem komandi kynslóða. Eitt af markmiðum orkustefnunnar er að unnið verði að orkuskiptum þannig að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti á lofti, láði og legi. Endurnýjanleg orkuframleiðsla gegni þar grundvallarhlutverki í baráttunni gegn loftslagsvánni.

*Aðgerðaráætlun um orkuskipti.* Á árinu 2017 samþykkti Alþingi einróma þingsályktun um aðgerðaáætlun um orkuskipti, með atkvæðum allra 63 þingmanna, og fól ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að vinna að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa. Beita skyldi hagrænum hvötum til að stuðla að orkuskiptum og orkusparnaði sem og hvetja til aukinnar framleiðslu og notkunar innlends endurnýjanlegs eldsneytis.

*Skýrsla starfshóps um eflingu samfélags á Langanesi.* Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði þann 24. maí 2023 starfshóp um eflingu samfélagsins á Langanesi til að vinna tillögur að aðgerðum sem heyra undir málefnaáætlun ráðuneytisins og stuðlað geta að því að efla samfélagið á Langanesi. Starfshópurinn lagði m.a. til að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti skoði möguleika á að styðja við græna atvinnuuppbyggingu í Langanesbyggð (með beina vísan í Finnfjarðarverkefnið) og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífinu til hagsbóta fyrir samfélagið. Þá lagði starfshópurinn einnig til að ráðuneytið setji af stað vinnu í samstarfi við Langanesbyggð við að vinna að öðrum kostum til orkuöflunar innan svæðisins, þ.m.t. nýting vinds, vatnsafls og sólarorku og hugsanlegrar samlegðar þar á milli.

## 2. Viljayfirlýsing sveitarstjórnar Langanesbyggðar

- A. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir eindregnum vilja til að vinna áfram að framgangi Finnafjarðarverkefnisins sem meðeigandi að Þróunarfélagi Finnafjarðarhafnar ehf. Þar með talið þróun iðnaðar-og þjónustusvæðis í baklandi hafnar og þróun starfsemi þar sem hafnaraðstaða þarf að vera fyrir hendi.
- B. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir sig jákvæða gagnvart hugmyndum um uppbyggingu rafeldsneytisiðnaðar og landeldis í Finnafirði.
- C. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir sig jákvæða gagnvart hugmyndum varðandi tilraunaverkefni sem myndi samanstanda af 1-2 vindmyllum með samanlagt uppsett afl undir 10 MW. Slík uppbygging mun styrkja orkumál svæðisins. Gangi viðræður við landeigendur eftir mun sveitarstjórn Langanesbyggðar taka jákvætt í frekara samtal varðandi verkefnið.
- D. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir sig jafnframt jákvæða fyrir áframhaldandi vinnu við þróun vindorkukosta á svæðinu með það fyrir augum að framleiða hluta þeirrar raforku sem til þarf til að tryggja uppbyggingu á rafeldsneytisverksmiðju í skynsamlegum fösum.<sup>1</sup> Miðað við áætlaða orkupörf fyrstu tveggja fasa er trúlegt að gera þurfi ráð fyrir að tveir vindorkulundir rísi á svæðinu. Einn kostur sem mætti skoða nánar, varðandi staðsetningu, er Sóleyjarvellir (eyðijörð í eigu sveitarfélagsins). Aðrir kostir koma til athugunar, liggja áhugi landeigenda fyrir. Allir nefndir virkjunarkostir eru í 4. áfanga rammaáætlunar.

## 3. Aðgerðir og gróf tímaáætlun

2024

*Júní.* Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir innri stefnu sem lýsir framtíðarsýn sveitarfélagsins á uppbyggingu við Finnafjörð.

*Ágúst.* Langanesbyggð óskar eftir því við stjórnvöld að settur verði sérstakur starfshópur um Finnafjarðarverkefnið, með fulltrúum bæði frá Innviðaráðuneytinu og frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

*Ágúst.* Formlegri viðræður hefjast við wpd Ísland ehf. um tilraunaverkefni á landi Hraunkots, að því gefnu að samningar við landeigendur liggja fyrir. Tekjumöguleikar sveitarfélagsins og mögulegar útfærslur á samvinnulíkönnum einkum til umræðu.

*Október.* Sveitarstjórn Langanesbyggðar fer í vettvangsheimsókn til að kynna sér uppbyggingu vindorkulunda erlendis, við aðstæður sem eru sambærilegar og á Íslandi eða eins sambærilegar og auðið er.

---

<sup>1</sup> Er þá miðað við 60-180 MW heildarorkupörf fyrir hvern fasa. Stærð hvers fasa þarf að vera í takt við aðgengi að starfsfólki og almenna uppbyggingu byggðar og innviða.

*Október.* Landsnet skilar af sér fýsileikagreiningu og útfærslum á öflugri flutningsgetu raforku til Þórshafnar.

## 2025

- Langanesbyggð afgreiðir umsókn um tilraunaverkefni sem samanstendur af 1-2 vindmyllum. Rannsóknir hefjast og samráðsferli við íbúa.
- Könnun gerð á því, í samvinnu við t.d. stjórnvöld og/eða wpd, hvort framleiðsla á heitu vatni með vindorku geti verið hagkvæm – sé horft til nýtingar fyrir Þórshöfn.
- FFPD í samvinnu við Langanesbyggð setur sér metnaðarfull markmið í umhverfis- og orkumálum fyrir áhrifasvæði Finnaþarhafnar.

## 2026

- FFPD ásamt samstarfsaðilum kynnir verkefnið í heild sinni og núverandi mynd fyrir íbúum, sveitarstjórn Langanesbyggðar og fyrir stjórnvöldum. Þ.m.t. uppbygging hafnar, uppbygging rafeldsneytisverksmiðju og þróun annarra tengdra verkefna. Tímasettir áfangar.
- Réttur til að nýta land undir höfn og tengda starfsemi tryggður. Skipulagsvinna hafin og önnur innviðagreining.
- Raforkuþörf fyrir fyrsta og annan fasa rafeldsneytisverksmiðju liggur fyrir og hafinn er undirbúningur á því að tryggja raforku fyrir verkefnið, innan eða utan svæðis.

## 2027

- Unnið að því áfram að skoða frekari kosti raforkuframleiðslu innan svæðisins.
- Hafinn undirbúningur framkvæmdasvæða Finnaþarhafnar.

## 2028

- Tilraunaverkefni á landi Hraunkots langt komið eða því lokið, ásamt tengingu að spennistöð Rarik við Þórshöfn.
- Lagning á nýrri línu til þess að koma raforku til Þórshafnar í undirbúningi.
- Uppbygging fyrsta fasa rafeldsneytisverksmiðju hefst, að gefnu samþykki sveitarstjórnar.

*Samþykkt á sveitarstjórnarfundi Langanesbyggðar 20. júní 2024.*